





# Hagahverfi - Naustahverfi 3. áfangi - deiliskipulag

**Breyting á deiliskipulagi, Kjarnagata 51.**

Breyting á deiliskipulagi felst í eftirfarandi:

- Lóðarhlutar fyrir Kjarnagötu 51 og 53 sameinast í einn lóðarhluta , Kjarnagötu 51. Er þetta gert þar sem fyrirhuguð bygging á lóðarhlutunum verður ein heild og með einu stigahúsi. Byggingarreitir lóðarhlutanna sameinast því í einn byggingarreit. Gert er ráð fyrir 39 íbúðum í byggingunni.
- Bílageymslu er breytt þannig að innkeyrsla í hana verður ein í stað tveggja áður og verður innkeyrslan frá Elísabetarhaga, austan við hús nr. 1. Áður var gert ráð fyrir innkeyrslum frá Elísabetarhaga, vestan við hús nr. 1 og frá Davíðshaga, vestan við hús nr. 2.
- Stærð og lega bílageymslu breytist lítillega og byggingarmagn hennar hækkar úr 1.626,0 m2 í 1.986,7 m2. Ástæða breytingarinnar er fjölgun bílastæða úr 66 í 78 og áðurnefnd breyting á innkeyrslum. Byggingarmagn sameiginlegs afnotahluta hækkar úr 1.751,0 m2 í 2.111,7 m2. sem skiptist í bílageymslu: 1.986,7 m2 og skýli: 125,0 m2.
- Nýtingarhlutfall lóðarinnar hækkar úr 1,46 í 1,50 vegna stækkunar á bílageymslu.
- Mörk og stærðir sérafnotahluta breytast vegna breytinga á stærð og legu bílgaeymslu og staðsetningar innkeyrslu.
- Flatarmál lóðarhluta bílageymslu hækkar úr 2.251,7 m2 í 2.519,3 m2.
- Flatarmál lóðarhluta við Davíðshaga 2 hækkar úr 1.129,3 m2 í 1.158,5 m2.
- Flatarmál lóðarhluta við Davíðshaga 4 lækkar úr 1.241,4 m2 í 1.225,4 m2.
- Flatarmál lóðarhluta við Kristjánshaga 2 er óbreytt, 1.570,1 m2.
- Flatarmál lóðarhluta við Elísabetarhaga 1 lækkar úr 1.628,4 m2 í 1.615,5 m2.
- Flatarmál sameinaðs lóðarhluta við Kjarnagötu 51 (áður Kjarnag. 51 og 53) er 1.728,1 m2.
- Byggingarreitur fyrir Elísabetarhaga 1 færist um 6,0 m til vesturs vegna breytingar á innkeyrslu í bílageymslu. Stærð byggingarreits verður óbreytt.
- Smávægilegar breytingar eru gerðar á tengibyggingum milli Davíðshaga 2 og 4 og bílageymslu vegna breyttrar stærðar og legu bílageymslu. Tengibyggingar milli Kjarnagötu 51 (og 53) og bílageymslu falla út þar sem byggingarreitir þessara bygginga munu liggja saman eftir breytingu.
- Lágmarks lofthæð bílageymslu lækkar um 0,05 m, verður a.m.k. 2,30 m en var áður a.m.k. 2,35 m.
- Breytingar verða á lóðarhlutum fyrir bílastæði fyrir Elísabetarhaga 1, Kjarnagötu 51 og Davíðshaga 2, m.a. vegna nýrrar staðsetningar innkeyrslu í bílageymslu. Þá fjölgar bílastæðum um 4 stæði efst við Davíðshaga, norðan Kjarnagötu 51.
- Vegna stækkunar á lóðarhlutum fyrir bílastæði stækkar lóð sameiginlegrar lóðar um 39,4 m2, úr 9.777,4 m2 í 9816,8 m2.
- Hæðarkóti 1. hæðar Kjarnagötu 51 lækkar um allt að 0,6 m.
- Stigahús og svalainngangar mega ná 0,6 m út fyrir byggingarreiti.
- Aðkoma að leiksvæði á lóð frá Davíðshaga 2 og 4 verður frá anddyrum húsanna til norðurs og um upphitaðan stíg meðfram húsunum og á milli húsanna inn á lóð.
- Aðkoma að leiksvæði á lóð frá Elísabetarhaga 1 verður frá anddyri hússins til suðurs og um upphitaðan stíg meðfram húsinu og inn á lóð vestan hússins.

Fyrir utan breytingar þessar gildir áfram greinargerð deiliskipulags sem öðlaðist gildi 19.06.2014, m.s.br.

DEILISKIPULAGSBREYTING ÞESSI SEM FENGIÐ HEFUR MÁLSMEÐFERÐ SKV. 2. MGR. 43. GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010 VAR SAMÞYKKT Í BÆJARSTJÓRN ÞANN 6. febrúar 2018

[signature]

BÆJARSTJÓRI AKUREYRAR

SAMÞYKKT DEILISKIPULAGSBREYTINGARINNAR VAR AUGLÝST Í B-DEILD STJÓRNARTÍÐINDA ÞANN 23. febrúar 2018

0 10 20 30 40 50 60 70 80 90

Mkv. 1:1000

N



HLUTI AÐALSKIPULAGS AKUREYRAR 2005-2018

## Skýringar

- Skipulagsmörk (lína 5 m utan marka)
- Mörk deiliskipulagsbreytingar
- Lóðamörk
- E/R/F — Íbúðarlóð
- P — Íbúðarlóð, bílastæðahluti (píla sýnir tengsl)
- Ve/S/R — Lóð fyrir atvinnustarfsemi
- Byggingarreitur. Heil lína: Bindandi byggingarlína
- E — Einbýlishús
- R — Raðhús/parhús
- F — Fjölbýlishús
- B — Bílageymsla
- Ve — Verslun og þjónusta
- S — Þjónustustofnun, leikskóli
- Z — Veitumannvirki, spennistöð
- P — Bílastæði
- a — Þakhalli 0-10°
- b — Þakhalli 0-28°
- ◁ — Innakstur í bílageymslu
- I, IV/Kj — Hæðafjöldi / kjallari
- F IV-16 / 1,00 | 0,30 / 1.844 m² — Húsgerð, hæð - fjöldi íbúða / Nýtingarhlutfall | Nýtingarhlutfall bílageymslu / Flatarmál lóðar
- Mörk lóðahluta til einkanota. Breytileg eftir íbúðastærð
- Kvöð um bílastæði á lóð sérbýlishúsa
- Kennileiti
- Gatnakerfi: Akbrautir, bílastæði, gangstéttir
- Gatnakerfi: Gangbraut, hraðahindrun, hraðatakmörkun
- Ú — Leik- og útivistarsvæði
- Opin svæði
- Svæði fyrir meðhöndlun ofanvatns
- Kvöð um gagnkvæma nýtingu og sameiginlegan frágang á útivistarhluta fjölbýlishúsalóða
- G — Kvöð um grenndarstöð innan lóðar
- Svæði fyrir jarðvegsmön (hljóðmön) eða hljóðvegg. Hæð hljóðmanar.
- SVA — Biðstöð almenningsvagna
- Skráður minjastaður
- Undirgöng fyrir gangstíg
- Hús, sem heimilt er að fjarlægja
- Lóðamörk sem falla úr gildi

### Skýringar vegna Kjarnagötu 51

- Mörk sérafnotahluta húsa á lóð Kjarnagötu 51
- Lóðarlykill fyrir Kjarnagötu 51: Húsgerð, hæð - fjöldi íbúða / Nýtingarhlutfall lóðar | Byggingarmagn bílageymslu/skýlis / Flatarmál lóðarhluta | Byggingarmagn lóðarhluta

AKUREYRARBÆR - HAGAHVERFI - NAUSTAHVERFI 3. ÁFANGI

DEILISKIPULAGSBREYTING

KJARNAGATA 51

| | | | |
|---|---|---|---|
| KVARÐI-A3: | 1:1000 | TEIKN NR: | 001 |
| DAGS: | 13.12.2017 | HANNAÐ: | ÓI / II |
| FLOKKUR: | 6000 | TEIKNAÐ: | ÓI / II |
| SKRÁ: | 17051-gm.dwg | VERKNR: | 17051 |

LANDSLAG EHF
LANDSLAGSARKITEKTAR FÍLA
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 11 - 101 REYKJAVÍK - SÍMI: 535 5300
KAUPANGI V/MÝRARVEG - 600 AKUREYRI - SÍMI: 460 4440
WWW.LANDSLAG.IS LANDSLAG@LANDSLAG.IS